

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Stefanía Helga Ásmundsdóttir
Dags. 27. apríl 2020
Mnr. 2019100027



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - skapandi sumarstarf 2020

Skapandi sumarstörf er verkefni til þess að koma til móts við ungt fólk á aldrinum 18 – 25 ára.

Verkefnið er til þess fallið að móta áhugasvið þátttakenda þar sem ungmennum gefst kostur á að koma með hugmyndir að skapandi verkefnum. Sumarstörfín eru hugsuð fyrir einstaklinga og hópa sem hafa áhuga á að efla listsköpun sína og um leið glæða sveitarfélagið með listrænum og skapandi uppákomum. Starfið hentar fólki með fjölbreyttan áhuga, t.d. á tónlist, myndlist, sviðslistum og kvikmyndagerð.

Starfið verður mótað að áhugasviði þátttakenda með aðstoð verkefnastjóra. Verkefnin þurfa að uppfylla ákveðna skapandi þjónustu við sveitarfélagið, koma fram við ýmis tilefni í byggðarkjörnum Ísafjarðarbæjar eftir því sem tími og aðstæður leyfa.

Hugmyndin er að verkefnið taki 8 vikur og er fyrir 8 – 10 einstaklinga. Mikilvægt er að umsækjendur hafi lögheimili hjá Ísafjarðarbæ.

Verkefninu er skapað vinnurými þar sem mikilvægt er að starfið sé flæðandi og skapandi og miðað er við að hver og einn tileinki sér góð vinnubrögð. Lögð er áhersla á að virkja innri sköpunarmátt, hópefli, samvinnu og sjálfsöryggi í vinnu sinni. Ísafjarðarbær leggur til efniskostnað að hluta fyrir umsækjendur, mögulega þurfa þátttakendur að leggja til eigin áhöld. Umsækjendur þurfa að gera ráð fyrir eigin efniskostnaði ef verkefnið fer út fyrir fjárheimild skapandi sumarstörf (hér þar koma upphæð fyrir hvern og einn). Verkefnastjóri leggur áherslu á að kynna listamenn sem starfa í Ísafjarðabæ og fara í vettvangsheimsóknir.

Umsóknum skal skilað í gengum sérstaka umsókn á heimsíðu Ísafjarðarbæjar undir laus störf og þar skulu eftirfarandi atriði koma m.a. fram:

- Kynningarbréf um sig og áhugasvið sín
- Greinagóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum
- Tíma- og verkáætlun verkefnis
- Fjárhagsáætlun með upplýsingum um fjármögnun, ef til þess kemur að mati umsækjanda

Verkefnastjóri skapandi sumarstarfa fer yfir umsóknir og velur verkefnin. Við val umsækjenda verður tekið tillit til reynslu umsækjenda, sýnileika, frumleika, sýnileika, hugmynda, fjölbreytni og markmiða meðal annars.

Ekki er gert ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun.

Kostnaður við verkefnið án aðkomu vinnumálastofnunar:

Laun verkefnisstjóra:

	Launaflokkur	taxti	eining	upphæð	
Mánaðarlaun Yfirflokkstjóra	129	379.717	3,5	1.329.010	
Orlof		13,07%		173.702	
Heildar laun				1.502.711	100%
<hr/>					
Samtals laun og gjöld án bifreiðastyrks				1.502.711	
<hr/>					
Félagsgjöld + sjóðir		2,19%		32.909	
Lífeyrissjóður		11,5%		172.812	
Viðbótarlífeyrissj.		0,0%		0	
VIRK endurh.sj.		0,10%		1.503	
Tryggingagjald		6,60%		87.773	
<hr/>					
Samtals launatengd gjöld				294.997	
<hr/>					
Launakostnaður				1.797.708	
<hr/>					

Laun 8-10 ungmenna – hafa í huga áttak um fjölgun tímabundina starfa fyrir námsmenn 18 ára og eldri.

Án styrkja er launakostnaður við 10 ungmenni rúmlega 8.300.000,- með launatengdum gjöldum.

	launaflokkur	taxti	90% starf	Mánuðir	Fjöldi	upphæð
Mánaðarlaun sumarstarfsmaður	117	338.045	304.241	1,0	5	1.521.203
Mánaðarlaun sumarstarfsmaður	119	344.616	310.154	1,0	5	1.550.772
Orlof		13,07%				401.507
Heildar laun						3.473.482
<hr/>					100%	
Samtals laun og gjöld				3.473.482		
<hr/>						

Félagsgjöld + sjóðir	2,19%	
Lífeyrissjóður	11,5%	76.069
Viðbótarlífeyrissj.	0,0%	399.450
VIRK endurh.sj.	0,10%	0
Tryggingagjald	6,60%	3.473
		202.886
Samtals launatengd gjöld		681.878
Launakostnaður samtals		4.155.360

Húsnæði:

Nýta húsnæði sem Ísafjarðarbær á fyrir og er ekki með starfsemi yfir sumartímann (þarf að skoða betur). Mögulega þarf að greiða sameiginlegan kostnað (vinnuskóli greiddi um 1.300.000,- á síðasta ári).

Efniskostnaður:

Efniskostnaður 600.000,- sem best væri að deila niður á 8-10 ungmenni (Tekið mið af efniskostnaði vinnuskóla sumarið 2019).

SÁ